

Alþingi
Umhverfis- og samgöngunefnd

Reykjavík, 10. maí 2023

Efni: Umsögn Internets á Íslandi hf. um frumvarp í 947. máli á 153. löggjafarþingi.

Almennt.

Interneti á Íslandi hf. (ISNIC) barst beiðni frá umhverfis- og samgöngunefnd um að veita umsögn um frumvarpið í 947. máli á yfirstandandi þingi, þar sem m.a. eru lagðar til breytingar á lögum um íslensk landshöfuðlén, nr. 54/2021.

Samkvæmt frumvarpinu er ætlun þess að sporna við netglæpum, einkum sem snúa að kynferðislegu ofbeldi gegn börnum. Skýringar í greinargerð um hvernig breytingum á lögum um landshöfuðlén er ætlað að stuðla að þessum markmiðum bera vott um að frumvarpið byggist á misskilningi um eðli léna og um muninn á lénnum og vefsíðum. Mörg dæmi eru um þetta, einkum í 2. kafla greinargerðarinnar um tilefni og nauðsyn lagasetningar. Þannig er í kaflanum rætt um vanda sem tengist starfsemi vefhýsingarfyrirtækja og að erfitt sé að sannreyna hver sé ábyrgðaraðili netfangs eða vefsíðu. Þá er tíðrætt um vefsíður sem hafi að geyma ólöglegt efni og ábyrgð á efni á netinu almennt. Loks er komist að þeirri niðurstöðu að til að ná utan um framangreint þurfi að gera ríkari kröfur til aðila sem veiti þjónustu af því tagi sem um ræðir. Í því skyni sé lögð til breyting á lögum um landshöfuðlén.

ISNIC bendir af þessu tilefni á að mikill munur er á léni og vefsíðu annars vegar, og léni og netfangi (email) hins vegar. ISNIC er ekki vefhýsingarfyrirtæki og hýsir því hvorki vefsíður né tölvupóst. Lén hafa ekki að geyma nokkurt efni, heldur vísa þau aðeins, eftir atvikum, í vefþjóna og pósthjóna. Með því að beina sjónum aðallega að lénnum, þegar ætlunin er að bregðast við ólöglegu efni á vefsíðum, er rót vandans látin óáreið. Vefsíða er til staðar á internetinu óháð tilteknu léni. Ákvæðin í II. kafla frumvarpsins eru af þessum sökum ekki til þess fallin að ná þeim markmiðum sem að er stefnt með frumvarpinu.

Að gefnu tilefni þykir ISNIC rétt að taka fram að ekki var haft samráð við félagið um efni frumvarpsins.

Athugasemdir við einstakar greinar.

4. gr.

Í 4. gr. er fjallað um reglur um lénaskráningu og skráningarupplýsingar léna. Fram kemur að reglur um lénaskráningu skuli innihalda upplýsingar um hvernig réttmæti upplýsinganna er sannreynt. ISNIC bendir á að varhugavert væri að festa í sessi reglur um hvernig sannreyna megi réttmæti upplýsinga í réttthafaskrá. Skynsamlegra er að til staðar sé frelsi til að beita til þess aðferðum, jafnvel aðferðum sem ekki er fyrirsjáanlegt að geti nýst til þess. Nærtækara væri að löggin veittu almenna heimild til að sannreyna skráningarupplýsingar með öllum lögumætum aðferðum. Í reglum um lénaskráningu mætti áréttta það og tiltaka nokkrar aðferðir í dæmaskyni. Dæmi um aðferðir sem ISNIC beitir í þessu skyni eru að óska eftir upplýsingum frá sendiráðum, bönkum, kortafyrirtækjum og rekstraraðilum annarra höfuðléna, og að óska eftir upplýsingum frá

rétthafa sjálfum, svo sem myndum af vegabréfi eða reikningi (utility bill) sem sendur hefur verið á heimili viðkomandi.

Í greininni er jafnframt fjallað um hverjar skráningarupplýsingar léns skuli að lágmarki vera og er þar m.a. krafist símanúmers. ISNIC bendir á að fjölmargir rétthafar léna eru lögaðilar, íslenskir sem erlendir, sem starfa eingöngu á netinu og nota ekki símanúmer. Jafnframt færast í aukana að börn skrái lén og séu rétthafar þeirra, en umboðsmaður barna hefur látið sig varða að reglur um lénaskráningar komi ekki í veg fyrir möguleikann á því. Þörf fyrir símanúmer fer dvínandi í heimi tækninnar og gjalda verður varhug við því að fest sé í lög krafa sem líkleg er til að annaðhvort hefta eðlilega þróun eða úreldast hratt samhliða slíkri þróun. ISNIC leggur áherslu á að krafa um símanúmer falli brott úr ákvæðinu. Þess má þó geta að ISNIC óskar eftir farsímanúmeri, í vissum tilfellum, svo sem vegna sannreyingar upplýsinga.

Loks bendir ISNIC á að áhersla á tæknilegan tengilið léna í þessari grein byggist líklega á misskilningi um hvað það er. Líklega er hér átt við vistunaraðila (rekstraraðila nafnaþjóna léns) á ensku Zone contact. Eðlilegra væri að beina sjónum að tengilið rétthafa eða greiðanda léns. Sameina mætti d- og e-lið 4. gr. í einn lið sem kvæði á um netföng rétthafa og tengiliða léns, þar með væri náð utan um alla nauðsynlega aðila.

5. gr.

ISNIC gerir ekki athugasemdir við greinina.

6. gr.

Í 6. gr. er fjallað um upplýsingagjöf ISNIC til opinberra aðila. ISNIC gerir ekki athugasemd við greinina fyrir utan lokamálslið hennar, þar sem segir að ISNIC skuli setja verklagsreglur um viðbrögð við beiðnum um aðgang yfirvalda að persónuupplýsingum notenda. Óljóst er hvað átt er við þarna og engar leiðbeiningar að finna um efni slíkra verklagsreglna. Betra væri að sleppa þessum málslið eða að taka skýrt fram hvort ISNIC skuli afhenda persónuupplýsingar yfirvöldum samkvæmt ósk þar um, hvaða yfirvöld megi krefjast slíkra upplýsinga og hvaða reglur gildi þar um að öðru leyti.

Um vísun til tæknilegs tengiliðar í 6. gr. eiga við sömu sjónarmið og rakin voru frammar, um 4. gr.

Í lokin bendir ISNIC á að vinna stendur yfir hjá Evrópusambandinu við gerð netöryggislaga nr. 2 (NIS2) sem fjalla með ítarlegum hætti um sama efni og fleira sem lýtur að öryggi á Internetinu.

Forkaupsréttarákvæði í lögum um landshöfuðlén.

ISNIC hvetur umhverfis- og samgöngunefnd til að nýta tækifærið, fyrst til stendur að gera breytingar á lögum um landshöfuðlén, og taka til skoðunar forkaupsréttarákvæði í lögnum, þar sem kveðið er á um forkaupsrétt ríkisins að hlutabréfum í ISNIC og að hlutabréfum í lögaðilum sem eiga hlut í ISNIC.

Þegar frumvarpið sem varð að lögum nr. 54/2021 var lagt fram gerði ISNIC alvarlegar athugasemdir við forkaupsréttarákvæðið. Ákvæðið tók verulegum breytingum í þinglegri

meðferð og félaginu var ekki gefinn kostur á að tjá sig um ákvæðið í endanlegri mynd. Ákvæðið skerðir mjög öll eðlileg viðskipti með hlutabréf í ISNIC, rýrir ráðstöfunarrétt hluthafa á eign sinni og dregur úr áhuga nýrra fjárfesta á hlutum í ISNIC. Þannig dregur ákvæðið úr möguleikum til að stuðla að dreifðara eignarhaldi félagsins og útilokar það frá skráningu á markað. Þá eru verulegir tæknilegir ágallar á ákvæðinu sem gera það að verkum að ómögulegt er að fylgja því í framkvæmd.

ISNIC hefur aflað áhlitsgerðar frá lögfræðistofunni LOGOS um lögmæti forkaupsréttarákvæðisins í ljósi verndar eignarréttinda samkvæmt stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu. Niðurstaða þeirrar áhlitsgerðar, sem ráðuneytið hefur undir höndum, er sú að við setningu forkaupsréttarákvæða laga nr. 54/2021 hafi skilyrði um meðalhóf ekki verið uppfyllt. Þau markmið sem forkaupsrétti var ætlað að ná fram væru þegar tryggð með almennum ákvæðum laganna sem og í samningum ISNIC við alþjóðlegu internetstofnanirnar ICANN og IANA. Þá hefði ekkert raunverulegt mat farið fram á því hvort vægari úrræði hafi verið tiltæk. Heimildin væri auk þess takmarkalaus, sérstaklega matskennd og óskýr og fyrirsjáanleiki beitingar hennar enginn. Í þessu ljósi hafi setning ákvæða til bráðabirgða I og II í lögum nr. 54/2021 farið í bága við 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrár og 1. mgr. 1. gr. samningsviðauka nr. 1 við MSE.

ISNIC hvetur nefndina til að kanna afstöðu ráðuneytisins til þess að forkaupsréttarákvæðin í lögnum falli brott og leggja í kjölfarið til viðeigandi breytingu á frumvarpinu.

Fh. Internets á Íslandi hf. (ISNIC)

Jens Pétur Jensen
framkvæmdastjóri.